

Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2017, miðvikudaginn 21. júní kl. 9.08, var haldinn 196. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Kerhólum. Viðstödd voru: Hjálmar Sveinsson, Karl Sigurðsson, Líf Magneudóttir, Sverrir Bollason, Halldór Halldórsson, Áslaug María Friðriksdóttir, Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir og Sigurborg Ó Haraldsdóttir áheyrnarfulltrúi. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Björn Axelsson, Nikulás Úlfar Músson, Þorsteinn Hermannsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Gunnar Már Jakobsson og Helena Stefánsdóttir. Fundarritari var Björgvin Rafn Sigurðarsson.

(A) Skipulagsmál

1. **Afgreiðslufundir skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**, fundargerð Mál nr. SN010070
Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, dags. 16. júní 2017.
2. **Hólmsheiði, athafnasvæði, deiliskipulag**, (04.4) Mál nr. SN170467
lýsing
Lögð fram lýsing umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, dags. 17. maí 2017, um nýtt deiliskipulag fyrir Hólmsheiði, athafnasvæði. Stærð svæðis er um 47 hektarar og markmiðið er að skipuleggja lóðir fyrir gagnaver í samræmi við þau lóðarvilyrði sem hafa verið gefin út í borgarráði, auk þess að koma fyrir öðrum fjölbreyttum atvinnulóðum á svæðinu hvað varðar stærð og umfang í samræmi við skilgreiningu athafnasvæðis í aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 o.fl. Sjá nánar lýsingu.
Lýsing samþykkt til kynningar og umsagnar með vísan til 1. mgr. sbr. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Lýsingin verður aðgengileg á vef umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur.
Vísað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

3. **Bauganes 1A, breyting á deiliskipulagi** (01.672.0) Mál nr. SN170205
200362-6409 Hildur Bjarnadóttir, Hofteigur 20, 105 Reykjavík
201177-5109 Einar Sævarsson, Bauganes 1a, 101 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Hildar Bjarnadóttur, mótt. 8. mars 2017, varðandi breytingu á deiliskipulagi Einarsness vegna lóðar nr. 1A við Bauganes. Í breytingunni felst að auka byggingarmagn á lóðinni, þar sem gert er ráð fyrir að byggja ofan á bílskúr og tengja hann við húsið, og byggja við eldhús sem snýr til austurs, samkvæmt uppdr. Hildar Bjarnadóttur, dags. 2. mars 2017. Tillagan var grenndarkynnt frá 24. apríl 2017 til og með 22. maí 2017. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Björk Einarsdóttir, dags. 16. maí 2017. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 19. júní 2017.
Synjað með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 19. júní 2017.
Vísað til borgarráðs.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. **Háskóli Íslands, Hringbraut 29, breyting á deiliskipulagi** (01.600) Mál nr. SN170357
540169-6249 Félagsstofnun stúdenta, Háskólatorgi Sæmundar, 101 Reykjavík
600169-2039 Háskóli Íslands, Sæmundargötu 2, 101 Reykjavík
Lögð fram umsókn Háskóla Íslands, mótt. 19. apríl 2017, um breytingu á deiliskipulagi deiliskipulags Háskóla Íslands vegna lóðarinnar nr. 29 við Hringbraut sem felst í viðbyggingu við Gamla Garð og nýbyggingu á lóð sunnan hans. Byggingarnar eru tvær, annars vegar viðbygging við suðvesturgötu Gamla garðs, og hins vegar L- laga nýbygging sem opnast að Gamla Garði, samkvæmt uppdr. Ydda arkitekta, dags. 19.

apríl 2017. Einnig er lögð fram hljóðvistarýrsla verkfræðistofunnar Eflu, dags. 22. maí 2017 og umsögn Minjastofnunar Íslands, dags. 12. júní 2017.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fjórum atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar Hjálmar Sveinssonar og Sverris Bollasonar, fulltrúa Bjartar framtíðar Karls Sigurðssonar og fulltrúa Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs Líf Magneudóttur gegn tveimur atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins Halldórs Halldórssonar og Áslaugar Maríu Friðriksdóttur.

Vísað til borgarráðs.

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir situr hjá við afgreiðslu málsins og bókar: „Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina tekur undir umsögn Minjastofnunar og fellst ekki á byggingu á þessum stað en leggst þó ekki gegn því að tillagan verði auglýst enda felst ekki í því að tillagan sé samþykkt.“

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Halldór Halldórsson og Áslaug María Friðriksdóttir bóka: „Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Halldór Halldórsson og Áslaug Friðriksdóttir telja athugasemdir Minjastofnunar það alvarlegar að ekki eigi að auglýsa deiliskipulagsbreytingu fyrr en vandlega hefur verið farið yfir þær athugasemdir. Minjastofnun telur að byggingin sé með öllu óásættanleg og að finna eigi henni annan stað í borgarlandinu.“

Fulltrúar Samfylkingarinnar Hjálmar Sveinsson og Sverrir Bollason, fulltrúi Bjartrar framtíðar Karl Sigurðsson, fulltrúi Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs Líf Magneudóttir og áheyrnarfulltrúi Pírata Sigurborg Ó. Haraldsdóttir bóka: „Húsnæðisekla meðal stúdenta er brýnn vandi sem leita þarf lausnar á. Félagsstofnun stúdenta og Háskóli Íslands hafa því hag af að byggt sé upp á Háskólasvæðinu. Eðlilegt er að tillagan hljóti lögformlega auglýsingu.“

Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. **Vesturlandsvegur**, nýtt deiliskipulag Mál nr. SN160742
Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju lýsing umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, dags. 3. apríl 2017, um nýtt deiliskipulag fyrir Vesturlandsveg. Afmörkun fyrirhugaðs deiliskipulags er frá sveitarfélagsmörkum við Mosfellsbæ að afleggjaranum inn í Hvalfjörð. Um er að ræða ca. 14 km kafla og helgunarsvæði hans. Með deiliskipulaginu næst heildstætt yfirlit yfir tengingar fyrir hliðarvegi, stíga og reiðleiðir auk fleiri umferðaröryggismála sem þarf að útfæra í skipulagi. Tillagan var kynnt til og með 8. júní 2017. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir/ábendingar: íbúasamtök Kjalarness, dags. 6. júní 2017, Sæmundur Eiríksson formaður Reiðveganeftndar í Kjarlæpingi hinu forna, formaður Reiðveganeftndar Harðar í Mosfellsbæ og varaformaður Samgönguneftndar Landsambands Hestamannafélags, Grétar Þórisson fulltrúi hestamanna á Kjalarnesi og Óðinn Elísson fulltrúi hestamanna í Kjós, dags. 7. júní 2017, og Veitur og Gagnaveita Reykjavíkur, dags. 8. júní 2017. Einnig eru lögð fram umsögn Skipulagsstofnunar, dags. 7. júní 2017, og umsögn Veðurstofu Íslands, dags. 9. júní 2017.
Athugasemdir og ábendingar kynntar.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

6. **Suður Mjódd**, breyting á deiliskipulagi (04.91) Mál nr. SN160527
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
530214-0870 Teiknistofan Storð ehf., Laugavegi 168, 105 Reykjavík
Lögð fram umsókn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 29. júní 2016, varðandi breytingu á deiliskipulagi Suður Mjóddar. Í breytingunni felst breytingar á íþróttasvæði ÍR, breytingar á lóðum við Árskóga 1-7, breytingar á lóð Álfabakka 2, lagnakvöðum á öllu svæðinu o.fl. Einnig er gert ráð fyrir nýrri verslunar- og þjónustulóð á norðvestur hluta svæðisins, samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar Storð ehf., dags. 27. apríl 2017.
Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með þeim athugasemdum sem fram koma á fundinum.

Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Halldór Halldórsson og Áslaug María Friðriksdóttir bóka: „Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Halldór Halldórsson og Áslaug Friðriksdóttir styðja að tillagan verði sett í auglýsingu svo íbúar og aðrir hagsmunaaðilar fái tækifæri til að tjá sig um þær breytingar sem verða á landnýtingu í Suður Mjódd. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa ekki stutt þá nýtingu svæðisins að þar verði bílaumboði komið fyrir ofan í bæði íbúðabygð og íþróttasvæði.“

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(E) Umhverfis- og samgöngumál

7. **Deilibílar - stefna Reykjavíkurborgar,** Mál nr. US170193
tillaga
Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra, dags. 19. júní 2017, að stefnu Reykjavíkurborgar um innleiðingu deilibílaþjónustu í Reykjavík.
Tillaga samþykkt.

Kl. 11:00 vikur Líf Magneudóttir af fundi og Elín Oddný Guðmundsdóttir tekur sæti á fundinum í hennar stað.

8. **Borgarlína, mögulegar akstursleiðir** Mál nr. US170194
Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra, dags. 19. júní 2017, um mögulegar akstursleiðir Borgarlínu.
Tillaga samþykkt.

(D) Ýmis mál

9. **Fyrirspurnir fulltrúa Sjálfstæðisflokksins,** Mál nr. US170196
borgarlína
Lagðar fram eftirfarandi fyrirspurnir fulltrúa Sjálfstæðisflokksins Halldórs Halldórssonar og Áslaugar Maríu Friðriksdóttur: 1) Óskað er eftir upplýsingum um hvort og þá hvaða íbúðarhúsalóðir eða garðar eru líkleg til að fara undir göturými vegna forgangsakreina Strætó og fyrirhugaðrar borgarlínu. Eru lóðir eða eignir íbúa einhvers staðar í hættu á að verða teknar eignarnámi vegna verkefnisins?
2) Hvenær er áætlað að viðræður um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna borgarlínu hefjist annars vegar og hins vegar viðræður um kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaga. Hver eru samningsmarkmið borgarinnar. Hvernig telur umhverfis- og skipulagssvið að réttlátast væri að skipta kostnaði, er eðlilegt að horfa til kílómetra sem farin er innan sveitarfélagamarka, eða ætti að horfa til annarra þátta svo sem notkun, hvaðan og hvert farþegar ferðast.
Vísað til umsagnar samgöngustjóra.

(B) Byggingarmál

10. **Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa,** Mál nr. BN045423
fundargerð
Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 929 frá 20. júní 2017.
11. **Hverfisgata 88A, Endurgert og flutningur -** (01.174.003) Mál nr. BN052505
ofanábygging
531006-3210 Rauðsvík ehf., Skúlagötu 30, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 14. mars 2017 þar sem sótt er um leyfi til að flytja hús sem áður stóðu á Hverfisgötu 90 og 92, endurbyggja á nýrri 1. hæð og kjallara og innréttu verslun á jarðhæð og tvær íbúðir á efri hæðum á lóð nr. 88A við Hverfisgötu. Einnig er lögð fram umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur, dags. 30. mars 2017 og umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 19. júní 2017.
Stækkun: xx ferm., xx rúmm. Gjald kr. 11.000

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 19. júní 2017, samþykkt.
Vísad til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

Margrét Þormar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

12. **Hverfisgata 90, 90A - Niðurrif** (01.174.006) Mál nr. BN052899
531006-3210 Rauðsvík ehf., Skúlagötu 30, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 23. maí 2017 þar sem sótt er um leyfi til að rífa hús, í stað þess að flytja það, á lóð nr. 90A við Hverfisgötu. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 19. júní 2017.
Stærðir: Mhl.02 79,7 ferm. Erindi fylgir tölvupóstur umsækjanda dags. 03.05.2017 og minnisblað Lotu verkfræðistofu dags. 14.03.2017. Gjald kr. 11.000
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 19. júní 2017, samþykkt.
Vísad til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

Margrét Þormar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

13. **Hverfisgata 90, Kvistur, svalir, breyting inni** (01.174.006) Mál nr. BN052504
531006-3210 Rauðsvík ehf., Skúlagötu 30, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 14. mars 2017 þar sem sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, byggja kvist á götuhlið og fjarlægja stigahús á bakhlið fjölbýlishúss á lóð nr. 90 við Hverfisgötu. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 19. júní 2017.
Stækkun: xx ferm., xx rúmm. Gjald kr. 11.000
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 19. júní 2017, samþykkt.
Vísad til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

Margrét Þormar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

14. **Hverfisgata 92, Niðurrif** (01.174.007) Mál nr. BN052898
531006-3210 Rauðsvík ehf., Skúlagötu 30, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 23. maí 2017 þar sem sótt er um leyfi til að rífa hús, í stað þess að flytja það, á lóð nr. 92 við Hverfisgötu. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 19. júní 2017.
Stærðir: Mhl.01 154,1 ferm. Erindi fylgir tölvupóstur umsækjanda dags. 03.05.2017 og minnisblað Lotu verkfræðistofu dags. 14.03.2017. Gjald kr. 11.000
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 19. júní 2017, samþykkt.
Vísad til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

Margrét Þormar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Kl. 11:32 vikur Áslaug María Friðriksdóttir af fundi og Herdís Anna Þorvaldsdóttir tekur sæti á fundinum í hennar stað.

(C) Fyrirspurnir

15. **Borgartún 32, (fsp) hækkun og stækkun** (01.232.0) Mál nr. SN170366
húss
711296-5069 Borgartún ehf, Hegranesi 22, 210 Garðabær
710178-0119 T.ark Arkitektar ehf., Brautarholti 6, 105 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Teiknistofunnar Arkitektar ehf., mótt. 25. apríl 2017, ásamt bréfi, dags. 25. apríl 2017, um að hækka húsið á lóð nr. 32 við Borgartún um tvær hæðir og stækka til suðurs, samkvæmt uppd. T.ark Arkitekta ehf., dags. 18. apríl 2017. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 16. júní 2017.
Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa, dags. 16. júní 2017.

Jón Kjartan Ágústsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(D) Ýmis mál

16. **Umhverfis- og skipulagssvið, yfirlit yfir** Mál nr. US130118

innkaup

Lagt fram yfirlit yfir innkaup umhverfis- og skipulagssviðs á verkum yfir milljón í apríl 2017.

17. **Jaðarleiti 2**, kæra 40/2017, umsögn (01.745) Mál nr. SN170325
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 3. apríl 2017, ásamt kæru þar sem kært er byggingarleyfi fyrir fjölbýlishúsi að Jaðarleiti 2. Einnig lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 8. júní 2017.
18. **Kjalarnes, Brautarholt 5**, kærur 136 og (32.3) Mál nr. SN160785
138/2016, umsögn, úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 19. október 2016, ásamt kæru 136/2016 þar sem kært er deiliskipulag vegna Brautarholts 5, Kjalarnesi. Einnig lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 21. október 2016 ásamt kæru 138/2016 vegna sama máls. Í kærunum er gerð krafa um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða. Einnig lagðar fram umsagnir skrifstofu sviðsstjóra vegna kærur 136, dags. 8. nóvember 2016, og vegna kærur 138, dags. 9. nóvember 2016. Lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr.136 og 138/2016, dags. 12. júní 2017. Úrskurðarorð: Kröfum kæranda í Arnarholti er vísað frá. Hafnað er kröfu kæranda í Brautarholti 1 um ógildingu ákvörðunar borgarráðs frá 1. september 2016 um að samþykkja breytingu á skilmálum deiliskipulags Brautarholts á Kjalarnesi vegna lóðar nr. 5 við Brautarholt.
19. **Lækjargata 10 og 12, Vonarstræti 4-4b og Skólalabú 2**, kæra 41 og 42/2017, umsagnir, (01.141.2) Mál nr. SN170331
bráðabirgðaúrskurðir
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Lögð fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 6. apríl 2017 ásamt kæru 41/2017 og dags. 10. apríl 2017, ásamt kæru 42/2017, þar sem kærð er breyting á deiliskipulagi vegna Lækjargötu 10 og 12, Vonarstrætis 4-4b og Skólalabúar 2. Í kærunum er gerð krafa um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða. Einnig lagðar fram umsagnir skrifstofu sviðsstjóra, dags. 26. maí 2017 vegna kærur 41/2017 og dags. 29. maí 2017 vegna kærur 42/2017. Lagðir fram bráðabirgðaúrskurðir úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr.41/2017 og máli nr.42/2017, dags. 9. desember 2017. Úrskurðarorð: Kröfu kæranda um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða samkvæmt hinni kærðu deiliskipulagsákvörðun er hafnað.
20. **Miklabraut við Rauðagerði**, kæra 49 og (01.82) Mál nr. SN170424
50/2017, umsögn, úrskurður.
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 22. maí 2017, ásamt kæru 49/2017 og kæru 50/2017, þar sem kærð er samþykkt framkvæmdaleyfis vegna lagningar strætóreinar á Miklubraut, lagning göngu- og hjólastígs o.fl. Í málinu er gerð krafa um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða. Einnig lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 26.maí 2017. Lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr.49/2017 og 50/2017, dags. 16. júní 2017. Úrskurðarorð: Kærumáli þessu er vísað frá úrskurðarnefndinni.
21. **Hverfisgata 16 og 16A**, kæra 67/2015, (01.171.0) Mál nr. SN150482
umsögn, úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 20. ágúst 2015, ásamt kæru þar sem kærð er breyting á deiliskipulagi vegna lóðar nr.16 og 16A við Hverfisgötu. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu sviðsstjóra, dags. 6. október 2015. Lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 16. júní 2017. Úrskurðarorð: Felld er úr gildi ákvörðun

borgarráðs frá 18. júní 2015 um að breyta deiliskipulagi staðgreinireits 1.171.0 vegna lóðar nr.16 og 16A við Hverfisgötu.

22. **Bykoreitur, reitur 1.138**, breyting á (01.138) Mál nr. SN160451
deiliskipulagi
070859-2119 Páll Hjalti Hjaltason, Gnitanes 10, 101 Reykjavík
Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 8. júní 2017, um samþykki borgarráðs s.d. vegna breytingar á deiliskipulagi Bykoreits, reitur 1.138.
23. **Gamla höfnin - Allianz reitur**, breyting á (01.0) Mál nr. SN160673
deiliskipulagi
Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 8. júní 2017, um samþykki borgarráðs s.d. vegna auglýsingar á breytingu á deiliskipulagi Vesturbúgar fyrir lóðina nr. 2 við Grandargarð, Allianz reit.
24. **Grandagarður 14**, breyting á deiliskipulagi (01.114.5) Mál nr. SN170211
250280-5729 Jón Davíð Ásgeirsson, Viðimelur 58, 107 Reykjavík
480915-0890 Grandagarður 14 ehf., Öldugötu 4, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 8. júní 2017, um samþykki borgarráðs s.d. vegna auglýsingar á breytingu á deiliskipulagi Örfiriseyjar vegna lóðar nr. 14 við Grandagarð.
25. **Aðalskipulagsbreyting, stefna um íbúðarbyggð**, heimildir um fjölda íbúða, Mál nr. SN160793
lýsing
Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 15. júní 2017, um samþykki borgarráðs s.d. vegna breytinga á stefnu um íbúðarbyggð í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.
26. **Hverfisgata 106**, breyting á deiliskipulagi (01.174.1) Mál nr. SN170137
440507-1310 Gunnfáran ehf., Ármúla 38, 108 Reykjavík
700316-0250 Noland Arkitektar ehf., Kjóahrauni 12, 220 Hafnarfjörður
Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 15. júní 2017, um samþykki borgarráðs s.d. vegna breytingu á deiliskipulagi reits 1.174.1 vegna lóðarinnar nr. 106 við Hverfisgötu.
27. **Borgartún 24**, breyting á deiliskipulagi (01.221.1) Mál nr. SN170457
560997-3109 Yrki arkitektar ehf, Hverfisgötu 76, 101 Reykjavík
Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 15. júní 2017, um samþykki borgarráðs s.d. vegna auglýsingar á breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 24 við Borgartún.
28. **Aðalskipulag Reykjavíkur, Stekkjarbakki**, (04.613) Mál nr. SN170460
verkefnislýsing skipulagsgerðar og umhverfismats
Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 15. júní 2017, um samþykki borgarráðs s.d. vegna samþykkis á verkefnislýsingu skipulagsgerðar og umhverfismats umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur vegna Stekkjarbakka milli Reykjanesbrautar og Höfðabakka.
29. **Aðalskipulag Reykjavíkur, Lóuhólar 2-6**, (04.642.7) Mál nr. SN170459
breyting á aðalskipulagi
Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 15. júní 2017, um samþykki borgarráðs s.d. vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur vegna lóðar nr. 4-6 við Lóuhóla.

Fundi slitið kl. 12.00

Hjálmar Sveinsson

Karl Sigurðsson
Elín Oddný Guðmundsdóttir
Herdís Anna Þorvaldsdóttir

Sverrir Bollason
Halldór Halldórsson
Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir

Afgreiðsla byggingarfulltrúa samkv. samþykkt nr. 161/2005

Árið 2017, þriðjudaginn 20. júní kl. 10:14 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 929. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Björgvin Rafn Sigurðarson, Nikulás Úlfar Músson, Halldóra Theódórsdóttir, Karólína Gunnarsdóttir, Óskar Torfi Þorvaldsson og Sigríður Maack. Fundarritari var Björgvin Rafn Sigurðarson.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

- Aðalstræti 7** (01.140.415) 100856 Mál nr. BN052944
610593-2919 Lindarvatn ehf., Reykjavíkurlugvelli, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN047437, hætt er við að lyfta húsi, kjallari stækkaður og dýpkaður, bætt við svölum á bakhlið, breytt opnun lyftu o. fl. í íbúðar- og atvinnuhúsi á lóð nr. 7 við Aðalstræti.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 16. júní 2017 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. júní 2017.
Stækkun: 59 ferm., 122,5 rúmm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Með vísun í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. júní 2017.
- Álagrandi 6** (01.521.606) 197240 Mál nr. BN052940
061169-3859 Sigurjón Ólafsson, Álagrandi 6, 107 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja timburhús sem nota á sem tómstundahús með einhalla þaki, með steypum sökklum og steyptri og einangraðri gólfplötu, innrétta baðherbergi og eldunaraðstöðu á lóð nr. 6 við Álagrandi.
Stærð: 34 ferm., 121,6 rúmm.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Þinglýsa skal yfirlýsingu fyrir útgáfu byggingarleyfis að rekstur gistipjónustu er óheimil í fasteigninni.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
- Barónsstígur 25** (01.174.326) 101661 Mál nr. BN052890
670515-0360 Matador ehf., Þingholtsstræti 15, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta skilgreiningu gististaðar í flokk II, teg. íbúð, sjá erindi BN050401 í húsi á lóð nr. 25 við Barónsstíg.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
- Bergstaðastræti 13** (01.180.309) 101720 Mál nr. BN053051
571215-0470 Jubileum ehf., Borgartúni 26, 105 Reykjavík
630707-1020 B13 ehf., Skútuvogi 11a, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að innrétta veitingastað í flokki II tegund ?? fyrir 55 gesti í rými ?? á 1. hæð í húsinu á lóð nr. 13 við Bergstaðastræti.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

5. **Bergstaðastræti 4** (01.171.307) 101407 Mál nr. BN053000
650705-0410 Gamma ehf., Skógarhlið 12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að innrétta veitingastað í flokki II tegund C sem verður tengdur matvinnslu sem er á annarri hæð hússins á lóð nr. 4 við Bergstaðastræti .
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
6. **Bergþórugata 5** (01.190.226) 102429 Mál nr. BN052682
070158-6049 Vilborg Ámundadóttir, Fagraþing 4, 203 Kópavogur
080455-4379 Yngvi Sindrason, Fagraþing 4, 203 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu til vesturs og til austurs, byggja rishæð og innrétta fjórar íbúðir í einbýlishúsi á lóð nr. 5 við Bergþórugötu.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 2. júní 2017 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. júní 2017.
Stækkun: 209,1 ferm., 614,2 rúmm.
Stærð eftir stækkun, A-rými: 442 ferm., 1.332,2 rúmm.
B-rými: 110,6 ferm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
7. **Bíldshöfði 9** (04.062.001) 110629 Mál nr. BN052971
421014-1590 Opus fasteignafélag ehf., Garðastræti 37, 101 Reykjavík
Sótt er um breytingar á erindi BN052079 sem felast í minniháttar breytingum á innra skipulagi, hætt við gólfniðurföll á baðherbergjum á 2. h., breytingum á brunaslöngum og hvíldarpöllum flóttastiga ásamt breytingum á inngangi verslana á 1. hæð í húsi á lóð nr. 9 við Bíldshöfða.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
8. **Bragagata 34** (01.186.633) 102328 Mál nr. BN050359
420500-2540 KTF ehf, Laugavegi 2, 101 Reykjavík
120376-3819 Einar Sturla Möinichen, Stigahlið 82, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta einbýlishúsi í tvíbýlishús með því að gera nýja íbúð á 1. hæð, breyta stiga á bakhlið, endurnýja geymsluskúr á baklóð og setja svalir á suðurhlið rishæðar á húsi á lóð nr. 34 við Bragagötu.
Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 15. janúar 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. janúar 2016. Jafnframt er erindi BN049369 dregið til baka og erindi BN048845 felld úr gildi. Gjald kr. 9.923
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
9. **Dalaland 1-11 2-16** (01.850.201) 108757 Mál nr. BN052978
170375-6029 Guðmundur Benedikt Friðriksson, Rauðalækur 71, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innra fyrirkomulagi í kjallara ásamt því að breyta mörkum eignarhluta í húsi nr. 4 á lóð nr. 1-16 við Dalaland.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
10. **Dunhagi 18-20** (01.545.113) 106483 Mál nr. BN052641
510209-0440 D18 ehf., Borgartúni 24, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að rífa bílskúra, byggja inndregna 4. hæð, byggja viðbyggingu við fyrstu hæð og kjallara, minnka og fjölga íbúðum úr 8 í 20, koma fyrir lyftu utan á

húsinu og sorpgerði fyrir verslunarrými í norðvesturhluta lóðar nr. 18 - 20 við Dunhaga.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 16. júní 2017 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. júní 2017.

Niðurrif bílskúra mhl. 02 : 102,2 ferm., 324 rúmm.

Stækkun viðbyggingu kjallara, 1. hæð og 4 hæð : 1010 ferm., 2.548 rúmm.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

11. **Efstaleiti 2** (01.745.201) 224636 Mál nr. BN053031
681015-5150 Skuggi 4 ehf., Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur

Sótt er um takmarkað byggingarleyfi fyrir áfanga á undirstöðum og lögnum í jörð fyrir mhl. 01 að Lágaleiti 5-15 á lóð nr. 2 við Efstaleiti sbr. erindi BN052546.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

76. **Efstasund 50** (01.357.219) 104445 Mál nr. BN052818

220760-7749 Tryggvi Hallvarðsson, Efstasund 75, 104 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja tvílyft fjölbýlishús úr timbri með þremur íbúðum á lóð nr. 50 við Efstasund.

Stærð mhl. 01, A-rými: 261,6 ferm., 782,8 rúmm.

B-rými: 31,6 ferm., 126,9 rúmm.

hl. 01 samtals: 293,2 ferm., 1.004,2 rúmm.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

12. **Eggertsgata 2-34** (01.634.-99) 106682 Mál nr. BN052738

540168-6249 Félagsstofnun stúdenta, Háskólatorgi Sæmundar, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að steypa skyggni við inngang, stækka anddyri og setja upp svalalokanir samhliða viðhaldsframkvæmdum, auk minniháttar breytinga á geymslum á 1. og 2. hæð í húsi nr. 2-4 á lóð nr. 2-34 við Eggertsgötu.

Stækkun: A-rými 5,2 ferm., 14,7 rúmm.

Sjá erindi BN049710.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

13. **Einimelur 19** (01.525.101) 106065 Mál nr. BN052959

011068-3839 Jórunn Ósk Frímannsd Jensen, Einimelur 19, 107 Reykjavík

021067-8309 Hörður Ólafsson, Einimelur 19, 107 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta gluggum í kvistum á suðurhlíð með því að síkka þá og koma fyrir hurð út á pall á húsinu á lóð nr. 19 við Einimel.

Bréf frá hönnuði dags. 12.júní.2017 og umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 13. júní 2017 fylgir. Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

14. **Eldshöfði 9** (04.035.205) 110531 Mál nr. BN053057
 540809-1190 Klasi fjárfesting ehf., Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík
 Sótt er um leyfi til að setja brunastúku á 1. hæð og innrétta svefnaðstöðu á 2. hæð í iðnaðarhúsi á lóð nr. 9 við Eldshöfða.
 Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
15. **Flókagata 1** (01.243.605) 103163 Mál nr. BN052994
 510713-1090 Flókagata ehf., Flókagötu 16a, 105 Reykjavík
 Sótt er um leyfi til að byggja flóttasvalir á norðurhlið gististaðar í húsi á lóð nr. 1 við Flókagötu.
 Stærðarbreyting: x ferm., x rúmm.
 Gjald kr. 11.000
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
16. **Flókagata 5** (01.243.607) 103165 Mál nr. BN052995
 510713-1090 Flókagata ehf., Flókagötu 16a, 105 Reykjavík
 Sótt er um áður gerðar breytingar sem felast í gerð gististaðar í flokki x - teg. x ásamt nýjum breytingum sem felast í gerð flóttasvala á 1. og 2. hæð og bættum brunavörnum í húsi á lóð nr. 5 við Flókagötu.
 Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
17. **Framnesvegur 40** (01.133.413) 100291 Mál nr. BN053071
 451015-2300 Framnesvegur ehf., Krókamýri 56, 210 Garðabær
 221174-5189 Ellert Kristófer Schram, Langalína 10, 210 Garðabær
 Sótt er um leyfi til að rífa hús á lóð nr. 40 við Framnesveg.
 mhl.01: 115,8 ferm., 342,8 rúmm., mhl.02: 37,7 ferm., 114,0 rúmm. Samtals: 153,5 ferm., 456,8 rúmm.
 Umsögn Minjastofnunar dags. 07.01.2016 fylgir erindi.
 Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
18. **Framnesvegur 42** (01.133.414) 100292 Mál nr. BN053072
 451015-2300 Framnesvegur ehf., Krókamýri 56, 210 Garðabær
 221174-5189 Ellert Kristófer Schram, Langalína 10, 210 Garðabær
 Sótt er um leyfi til að rífa hús á lóð nr. 42 við Framnesveg.
 mhl.01: 167,8 ferm., 357,0 rúmm.
 Umsögn Minjastofnunar dags. 07.01.2016 fylgir erindi.
 Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
19. **Freyjugata 41** (01.194.206) 102550 Mál nr. BN053002
 590416-0370 Ásmundarsalur ehf., Sjafnargötu 3, 101 Reykjavík
 Sótt er um leyfi til að endurskipuleggja 1. hæð, jafna hæðarmun gólfa, endurnýja glerskála, lagfæra brunavarnir og gera nýjan glugga við þaksvalir Ásmundarsalar á lóð nr. 41 við Freyjugötu.
 Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

20. **Friggjarbrunnur 53** (02.693.103) 205831 Mál nr. BN052833
670513-0170 RED ehf., Garðastræti 37, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta fyrirkomulagi stæða í bilgeymslu, skiptingu svala á 5. hæð og fyrir breyttum frágangi þaka, sjá erindi BN048621, á fjölbýlishúsi á lóð nr. 53 við Friggjarbrunn.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda eldvarnareftirlits á umsóknarblaði.
21. **Fríkirkjuvegur 3** (01.183.001) 101914 Mál nr. BN053025
511193-2149 Fossar ehf., Borgartúni 27, 105 Reykjavík
Sótt er um breytingu á erindi BN049185 sem felst í breytingu á merkingu flóttaleiðar á 1. hæð í húsi á lóð nr. 3 við Fríkirkjuveg.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
22. **Gissurargata 7** (05.113.704) 214852 Mál nr. BN052965
011062-3699 Guðmundur Karl Bergmann, Hverafold 27, 112 Reykjavík
220663-7799 Hugrún Davíðsdóttir, Hverafold 27, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja einbýlishús úr timbri á lóð nr. 7 við Gissurargötu.
Stærðir:
A-rými x ferm., x rúmm.
B-rými x ferm., x rúmm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
23. **Grandagarður 11** (01.115.206) 100053 Mál nr. BN052968
530317-0990 Reykjavík Napóli ehf., Hverfisgötu 50, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að innrétta veitingastað í fl. II tegund C með 30 gestum í rými 0101 í nr. 11 og loka á milli húsa nr. 9 og 11 á lóð nr. 11 við Grandagarð.
Samþykki eiganda dags. 18 maí 2017 fylgir.
Gjald kr. 11.000
